


Keiluskurður í staðdeyfingu



Keiluskurður er gerður til að fjarlægja frumubreytingar sem greinast hafa í leghálsi. Frumubreytingar sem greinast við reglubundna krabbameinsskoðun eða eftir leghálsspeglun geta þróast yfir í krabbamein á mörgum árum. Þess vegna eru þær fjarlægðar. Áhættan sem fylgir aðgerðinni er lítil en alltaf er hættan á blæðingu og sýkingu í skurðsári.

Lyf

Taka má inn eigin lyf fyrir aðgerð nema blóðþynningarlyf. Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmedferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Næring

Gott er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að borða næringarríkan mat, taka inn vítamín og drekka orkuríka næringardrykki. Ráðleggingar um matarræði er að finna á heimasíðu Landlæknis.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð, geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Mælt er með að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Hægt er að fá aðstoð hjá „Ráðgjöf í reykbindindi“ og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð. Starfsmaður spítalans hefur samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is

Aðgerðardagur

Þú þarft ekki að vera fastandi. Fyrir komu á deild þarf að vera búð að fara í sturtu heima, þurrka sér með hreinu handklæði og klæðast hreinum fötum.

Þú mætir á kvenlækningadeild 21-A sem er á 1. hæð kvennadeildarhúss Landspítala við Hringbraut. Þar stimplar þú þig inn í innritunarstand í afgreiðslu og sest í biðstofu í anddyri. Hjúkrunarfræðingur vitjar þeirra sem mæta til aðgerðar á biðstofu.

Aðgerðin

Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu og framkvæmd á svipaðan hátt og kvenskoðun. Sett er áhald í leggöng sem heldur þeim opnum og gerð er ítarleg skoðun á leghálsi með smásjá. Lögð er staðdeyfing í leghálsinn og svo er lítill biti skorinn af. Heildarferlið tekur 10 til 15 mínútur. Bitinn sem er fjarlægður frá leghálsinum er sendur í vefjagreiningu. Sent er bréf með niðurstöðu vefjagreiningar í pósti innan 3 vikna frá aðgerð.

Eftir aðgerð

Verkir og verkjalyf:

Flestir finna fyrir litlum sem engum verkjum eftir aðgerðina. Mælt er með parasetamóli og íbúprófeni til verkjastillingar fyrir þá sem þola það ef þörf er á. Hámarksskammtar af parasetamóli eru 1 g fjórum sinnum á sólarhring og íbúprófen 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Blæðingar:

Það er eðlilegt að það blæði frá leggöngum í 1-3 vikur eftir aðgerðina. Blæðingin á að vera minni en venjuleg tíðablæðing. Eftir 8 til 12 daga getur blæðingin aukist tímabundið og verið ferskari. Það getur einnig verið illa lyktandi útfærð á sama tíma. Aðgerðin breytir ekki tíðahringnum þannig að tíðablæðing hefst á réttum tíma. Erfið líkamsrækt getur aukið blæðingu innan tveggja vikna frá aðgerð. Vegna blæðingarhættu er ekki ráðlagt að ferðast erlendis fyrstu 3 vikurnar en óhætt er að fljúga innanlands daginn eftir aðgerð.

Almennar ráðleggingar

Eftir aðgerð er ekki nauðsynlegt að hvíla sig sérstaklega. Flestar konur geta mætt í vinnu/ skóla daginn eftir aðgerð. Ef unnin er líkamlega þung vinna er mælt með að vera heima í 2 til 7 daga. Ekki er þörf á endurkomu eftir aðgerð. Aðgerðin hefur ekki áhrif á barneignir. Ekki er þó mælt með þungun fyrstu 3 mánuðina eftir aðgerð.

Til að sárið grói sem best og sýkingarhætta minnki ættir þú EKKI næstu 4 -5 vikur að:

- hafa samfarir
- nota tíðatappa/álfabikar
- fara í baðkar eða sund/heita potta

Ástæða er til að hringja á deild ef:

- Það blæðir svo að stórt bindi fyllist (næturbindi eða sambærileg) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Hiti er yfir 38°C.
- Illa lyktandi útferð í meira en 10 daga.
- Miklir verkir eru í kvið sem verkjalyf slá ekki á.

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 8-16, sími 543-3224. Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543-1000 og biðja um samband við legudeild kvenlækningadeildar 21A. Ef um brátt ástand er að ræða skal hafa samband við 112.

Starfsfólk kvenlækningadeildar óskar þér góðs bata !

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
KVENLÆKNINGADEILD 21A
MARS 2019
LSH- 1961

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD